



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2021

ÍPRG3KÖ03 Körfubolti

Kennari: Sverrir Geir Ingibjartsson **SGI**

Áfangalýsing

Í áfanganum eiga nemendur að læra að kenna börnum og unglingum undirstöðuatriði í körfuknattleik. Lögð er áhersla á kennslu knattækni og leikfræði fyrir byrjendur. Farið er yfir reglur í greininni. Stefnt er að því að nemendur öðlist ákveðna grundvallar færni í greininni. Farið er yfir helstu atriði í þjálffræði barna og æfingar kenndar sem þjálfgrunnatriðin í körfuknattleik. Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur. Nemendur æfa sig að kenna hvort öðru körfuknattleik.

Undanfari: ÍPRF2PJ05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- körfuknattleik
- körfuknattleiksreglum
- ýmsum æfingum sem henta í þjálfun barna í körfuknattleik
- helstu þjálfunaraðferðum í körfuknattleik

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni til að:

- kenna leikfræði körfuknattleiks
- beita flautu og dæma körfuknattleik
- sýna grunnfærni í körfuknattleik

Hæfniviðmið

Að þessum áfanga loknum á nemandi að geta:

- kennt leikfræði körfuknattleiks
 - beitt flautu og dæmt körfuknattleik hjá börnum
 - sýnt grunnfærni í körfuknattleik
-

Námsmat

1. Bóklegt próf	30%.
2. Verklegt	30%.
3. Kennsla	30%.
4. Verkefni og skyndipr.	10%.

ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ OG KENNSLU Á ÖNNINNI

1. Flestir tímar áfangans verða verklegir. Þó má reikna með örfáum bóklegum tímum í kennslustofu.
2. Í bóklega hlutanum verður farið í helstu leikreglur og ýmislegt sem tengist leikfræði, þ.e. hvert og hvernig á að senda boltann og staðsetningu leikmanns á vellinum. Eins og sjá má á þessu verður mestum tíma varið í grunnatriði leiksins og skilning á leikreglum.
3. Verklegu tímarnir verða að mestum hluta helgaðir tæknikennslu og verður undirritaður fyrst með tímana. Síðan taka nemendur sjálfir við æfingakennslu.

ATHUGASEMDIR OG SKÝRINGAR

1. Skyndipróf geta komið án nokkurs fyrirvara.
2. Verkefnum á að skila á réttum tíma. Sé verkefni skilað of seint lækkar einkun um 0,5 fyrir hvern dag sem líður um fram skiladag.
3. Æskilegt er að nemendur eigi sjálfir flautu

Selfossi 23. ágúst 2021

Sverrir G Ingibjartsson